

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2021, miðvikudaginn 24. febrúar kl. 09:01, var haldinn 96. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Hofi. Viðstaddur var Eypór Laxdal Arnalds. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Alexandra Briem, Ragna Sigurðardóttir, Hjálmar Sveinsson, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir og Daniel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Kosning í skipulags- og samgönguráð, Mál nr. US200285
USK2018060045

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 4. febrúar 2021, þar sem tilkynnt er að Örn Þórðarson taki sæti sem varamaður í skipulags- og samgönguráði í stað Ólafs Kr. Guðmundssonar.

2. Framlengd heimild til notkunar Mál nr. US200205
fjarfundabúnaðar,

Lagt fram bréf borgarstjórnar Reykjavíkur til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar, dags. 17. febrúar 2021, þar sem fram kemur að borgarstjórn samþykkti þann 16. febrúar sl. tillögu um framlengingu á heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi. Einnig er lögð fram auglýsing, dags. 16. desember 2020, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga nr. 1436/2020 og auglýsing, dags. 4. desember 2020, um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013.

(E) Samgöngumál

3. Endurskoðaðar reglur um bílastæðagjald Mál nr. US210042
byggingaraðila í Reykjavík,
tillaga - USK2021020094

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. febrúar 2021, um endurskoðaðar reglur um bílastæðagjald byggingaraðila í Reykjavík. Einnig eru lögð fram drög að endurskoðuðum reglum um bílastæðagjald byggingaraðila í Reykjavík og minnisblað Eflu, dags. 19. júní 2018, um bílastæðagjöld erlendis.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Með endurskoðuðum reglum um bílastæðagjald byggingaraðila er fallið frá almennri innheimtu bílastæðagjalds. Ekki eru lengur kvaðir um lágmarksbílastæðafjölda heldur hámark. Breytingarnar munu koma til með að lækka byggingarkostnað og hvetja til vistvænna ferðamáta.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins finnst í fyrsta lagi undarlegt að það hafi þurft að útvista því verkefni að kanna hvað sambærilega er gert er í bílastæðamálum í nokkrum erlendum borgum. Um er að ræða að lesa opinberar upplýsingar sem ekki þarf sérfræðipækkingu til að gera. Embættismannakerfi borgarinnar ætti að ráða við það. En í Reykjavík þarf að gera ráð fyrir bílastæðum fyrir alla sem vilja og þurfa og það er vissulega kostur að gefa þeim sem eru að byggja, á þegar fullbyggðum svæðum, kost á að greiða fyrir bílastæði í stað þess að gera þau sjálf. Fulltrúi Flokks fólksins styður aukinn sveigjanleika í þessum efnum að þeir eigendur bíla sem óska að leggja í bílastæðahúsum frekar en við heimili sín, sem dæmi í miðbænum þar sem búið er að byggja þröngt, verði gert það auðveldara og aðgengilegra. Nóg pláss er í bílahúsum og mörg vannýtt á ákveðnum tímum. Ástæður eru ýmsar fyrir því, erfitt aðgengi og óþarflega há gjaldtaka.

Björgvin Rafn Sigurðarson lögfræðingur og Nikulás Úlfar Másson byggingarfulltrúi taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

4. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 12. og 19. febrúar 2021.

5. Vogabyggð svæði 2, breyting á (01.45) Mál nr. SN210100
deiliskipulagi vegna lóða 2-9-1 og 2-9-2
Vogabyggð ehf., Pósthólf 8787, 108 Reykjavík
Kristinn Ragnarsson, arkít ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 5. febrúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2 vegna lóðanna 2-9-1 og 2-9-2. Í breytingunni felst að lóðarlína á milli lóðanna 2-9-1 og 2-9-2 færist um 10 cm. til norðurs auk þess að sem þríhyrningslaga horn bætist við. Lóð 2-9-1 minnkar um 19,7 m² og lóð 2-9-2 stækkar sem því nemur, samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar arkít. ehf. dags. 5. febrúar 2021. Jafnframt er lögð fram yfirlýsing lóðarhafa dags. 12. febrúar 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmunum annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

6. Laugardalur - austurhluti, (01.39) Mál nr. SN200070
breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípolí arkitekta dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Lilju Sigrúnar Jónsdóttur f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 2. apríl 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Tillagan var auglýst frá 4. mars 2020 til og með 29. apríl 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar/umsögn: Frímenn Ari Ferdinandsson f.h. stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur dags. 2. apríl 2020, Einar Símonarson dags. 8. apríl

2020, Vilborg Traustadóttir dags. 8. apríl 2020, Friðjón Sigurðarson framkvæmdastj. þróunarsviðs f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 8. apríl 2020, Katrín Þóra Jónsdóttir dags. 8. apríl 2020, Ingibjörg Júlíusdóttir dags. 9. apríl 2020, Sigrún Böðvarsdóttir dags. 9. apríl 2020, Pálmi Símonarson dags. 9. apríl 2020, Sigríður Ragnarsdóttir dags. 9. apríl 2020, Vilhjálmur Hallgrímsson dags. 9. apríl 2020, Kristín Sigurðardóttir dags. 11. apríl 2020, Raj K. Bonifacius, Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur, dags. 12. apríl 2020, Freyr Ólafsson f.h. stjórnar FRÍ dags. 13. apríl 2020, Ingvar Garðarsson dags. 13. apríl 2020, Ingunn Ásta Sigmundsdóttir dags. 13. apríl 2020, Smári Hrólfsen dags. 13. apríl 2020, Skúli Víkingsson dags. 14. apríl 2020, Ingibjörg Kaldal dags. 14. apríl 2020, Dagný Hrönn Ásgeirsdóttir dags. 14. apríl 2020, Natalia Teran Garcia dags. 14. apríl 2020, Daníel Ingvarsson dags. 14. apríl 2020, Finnbogi Hilmarsson f.h. stjórnar Knattspyrnufélags Þróttar dags. 14. apríl 2020, Sólbjört Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020, Magnús Grétarsson dags. 14. apríl 2020, Daníel Oddsson dags. 14. apríl 2020, Margrét Jóhanna Jóhannsdóttir dags. 14. apríl 2020, Halla Björgvinsdóttir dags. 14. apríl 2020, Erla Kristín dags. 14. apríl 2020, Ásdís Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020, Halla Sverrisdóttir dags. 14. apríl 2020, Árni Jónsson dags. 14. apríl 2020, Lárus Kjartansson dags. 14. apríl 2020, Gyða Karlsdóttir dags. 14. apríl 2020, Drífa Ósk Sumarliðadóttir dags. 14. apríl 2020, Ásthildur Gunnarsdóttir dags. 14. apríl 2020, Bergþóra Karen Ketilsdóttir dags. 14. apríl 2020, Eva Arnarsdóttir dags. 14. apríl 2020, Elísabet Magnúsdóttir dags. 14. apríl 2020, Donna Kristjana dags. 14. apríl 2020, Jón Ágúst Eiríksson dags. 14. apríl 2020, Sigurður Schram dags. 15. apríl 2020, Erna Kristín Ernudóttir dags. 15. apríl 2020, Helgi Björnsson dags. 15. apríl 2020, Björn Bragi Bragason dags. 15. apríl 2020, Valdís Sigurbórsdóttir dags. 15. apríl 2020, Jesús Munguía dags. 15. apríl 2020, Þórdís Vala og fjölskylda dags. 15. apríl 2020, Bryndís Guðmundsdóttir dags. 16. apríl 2020, Aðalheiður Svanhildardóttir dags. 20. apríl 2020, Hafdís Ósk Sigurðardóttir dags. 20. apríl 2020, Ingunn Nielsen dags. 26. apríl 2020, Jón Hafsteinn Jóhannsson dags. 29. apríl 2020, Benedikt Þór Jóhannsson dags. 29. apríl 2020, Sigrún Sif Jónsdóttir dags. 29. apríl 2020, Una Nielsdóttir Svane dags. 29. apríl 2020, Veitur dags. 29. apríl 2020, Lilja Sigrún Jónsdóttir f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 29. apríl 2020 og 3. júní 2020, Arnfríður Inga Arnmundsdóttir dags. 29. apríl 2020, Rósa Björk Sveinsdóttir dags. 6. maí 2020, Arna María Gunnarsdóttir dags. 8. maí 2020, Sigríður Oddsdóttir dags. 8. maí 2020, Edda Huld Sigurðardóttir dags. 8. maí 2020, Stefanía dags. 9. maí 2020, íbúaráð Laugardals dags. 12. maí 2020, Lilja Una Óskarsdóttir dags. 28. maí 2020, Karl Gunnarsson dags. 28. maí 2020, Sigþór Hjartarson dags. 28. maí 2020, Ásthildur Björgvinsdóttir dags. 31. maí 2020 og Guðrún Harðardóttir og Anna Gígja Kristjánsdóttir fulltrúar Grímufélagsins Ármanns, Skautafélags Reykjavíkur - listhlaupadeild, Knattspyrnufélags Þróttar, Tennis- og Badmintonfélags Reykjavíkur og Borðtennisdeildar Víkinga dags. 2. júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2021. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Umrædd smáhýsi eru hluti af hugmyndafræði 'Húsnæði fyrst' á vegum Velferðarsviðs og hugsuð til að hjálpa fólki sem hefur verið í heimilisleysi og hefur miklar þjónustubarfir. Hafa ber í huga að þó þessi hús séu tímabundin í staðsetningu sinni þá eru þau heimili fólks, ekki dvalarheimili eða lokuð stofnun, og þurfa að vera nálægt þeirri þjónustu og samfélagsinnviðum sem borgarþátttakendur þurfa að nýta. Ekki er auðvelt ná sátt um staðsetningu þeirra í íbúðabyggð eða blandaðri byggð, og því þarf að leita á staði sem eru í nánunda við sömu innviði á öðrum skipulagssvæðum. Hér er um að ræða opið svæði, en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er

heimild til að koma fyrir slíkum búsetuúrræðum á slíku svæði. Þó ber að hafa í huga að þau eru víkjandi og hafa ekki áhrif á langtímanotkunarmöguleika svæðisins. Fulltrúar meirihlutans telja að nálægð við útivistarsvæði, almenningssamgöngur og samfélagsinnviði muni hafa jákvæð áhrif á þau sem þar munu koma til með að búa og vona að hverfið taki vel á móti þeim.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í máli sem þessu er mikilvægt að íbúar fái góða og ítarlega upplýsingagjöf og fræðslu um þau úrræði sem koma á upp í hverfi þeirra. Íbúafundir eru best fallnir til þess þar sem hægt er að ræða saman og skiptast á skoðunum og umfram allt útskýra í hverju úrræðið felst, hvernig kemur það til með að líta út og hver verður umgjörðin og eftirfylgni. Ef litið er yfir athugasemdir í þessu máli má sjá að sumum íbúum finnst þetta úrræði óljóst og fyllast þar með óryggi.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

7. Bergþórugata 18, (fsp) fjölbýlishús (01.192) Mál nr. SN200762
Landslagnir ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Landslagna ehf. dags. 2. desember 2020 um byggingu fjölbýlishúss á lóð nr. 18 við Bergþórugötu á tveimur hæðum með þremur íbúðum, samkvæmt uppdr. Arkþings/Nordic ehf. dags. 27. nóvember 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 og uppfærður uppdr./tillaga Arkþings/Nordic ehf. mótt. 26. janúar 2021.

Kynnt.

8. Grjótháls 1-3, breyting á deiliskipulagi (04.302.4) Mál nr. SN210047
T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn T. ark Arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2021 ásamt bréfi dags. 18. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir dreifistöð sem liggur að vestari lóðamörkum að Grjóthálsi 5, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 15. janúar 2021. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa að Grjóthálsi 5 mótt. 18. febrúar 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

9. Öskjuhlíð, Hjallastefnan, greining á (01.76) Mál nr. SN210143
staðarvali fyrir skólabyggingar

Lagt fram minnisblað Teiknistofunnar Traðar dags. 11. febrúar 2021 afstöðumynd dags. 12. febrúar 2021 vegna greiningar á staðarvali fyrir skólabyggingar á vegum Hjallastefnunnar í Öskjuhlíð. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2021, samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi bókun auk áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Skipulags- og samgönguráð mælir með að fundin verði varanleg lausn á húsnæðismálum Barnaskólans í Reykjavík með því að finna honum stað í Öskjuhlíð. Líta skuli til kosta A eða B sbr. fyrirbyggjandi greiningu á staðarvali en mikilvægt er að leysa málið sem fyrst til að minnka óvissu foreldra, nemenda og starfsfólks. Rétt er að ganga frá lóðamálum í samráði við rekstraraðila skólans og klára í kjölfarið deiliskipulag á lóð.

Birkir Ingibjartsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

(B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1102 frá 9. febrúar 2021 og nr. 1103 frá 16. febrúar 2021.

11. Ársskýrsla byggingarfulltrúa 2020, Mál nr. US200037

Lögð fram ársskýrsla byggingarfulltrúa fyrir árið 2020, dags. í janúar 2021.

Kynnt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Aldrei í sögu Reykjavíkur hafa jafnmargar íbúðir verið byggðar. Undanfarin 6 ár hafa 6.208 nýjar íbúðir verið í byggingu í borginni. Árið 2020 voru 1.574 íbúðir fullgerðar og teknar í notkun en á árinu hófst bygging á 1.174 íbúðum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur að lítið er byggt af rað- og einbýlishúsum. Ef þróunin verður áfram svo mun það breyta svip borgarinnar. Spurning er hvort þetta þurfi að ræða betur og hvort það sé þegar stefna borgarinnar að lítið verði til af einbýlishúsum. Svipað virðist gilda um raðhús. Þau virðast vera á útleið. Borgin má ekki verða of einsleit. Er ekki markmiðið að reyna að mæta þörfum og óskum allra þegar kemur að íbúðarhúsnæði og vali á því? Flokkur fólksins mælir með því að sérstaklega verið reynt að skipuleggja öll svæði þannig að aldurshópar blandist saman, stærð íbúða verði mismunandi, allt frá litlum íbúðum til rað- og einbýlishúsa, að uppbygging stuðli að félagslegri blöndun og að góður hluti af húsnæði sem byggt er í sérhverju hverfi verði raunverulega hagkvæmt.

Nikulás Úlfar Mátsson byggingarfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Ýmis mál

12. Umhverfis- og skipulagssvið, uppgjör Mál nr. US200295
janúar til nóvember 2020, trúnaður

Lögð fram greinargerð 11. mánaða uppgjors umhverfis- og skipulagssviðs janúar til nóvember 2020.

13. Drög að viðbótum við Mál nr. US210035
landsskipulagsstefnu 2015-2026, umsögn

Lögð fram umsagnarbeiði Skipulagsstofnunar, dags. 13. og 18. nóvember 2020 varðandi drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026 ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. janúar 2021.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ýmislegt gott er í þessu skjali s.s. að horft sé til gróðurs í þéttbýli við mat á kolefnisbúskap lands. Einnig að rætt sé um möguleika á matvælaframleiðslu í þéttbýli fyrir almenning og að tekin séu frá svæði til slíks. Talað er um hugtakið „loftslagsmiðað skipulag“. En Reykjavík, að Kjalarnesi undanskildu, er borgarbyggð en ekki sveit. Umræða um landsskipulagsstefnu er því að mestu utan við hagsmunasvið borgarinnar. Í þessu samhengi má benda á að útivistarsvæði við ströndina eru manngerð sem og flest svæði sem mætti kalla náttúruleg svæði innan borgarinnar eru að verða manngerð í vaxandi mæli því miður. Í þessari umræðu má hafa þetta í huga. Hugtök svo sem líffræðileg fjölbreytni, kolefnisbúskapur lands og matvælaframleiðsla hafa lítið vægi í þessari umræðu. Meira vægi hafa t.d. möguleikar á samskiptum í tilbúnum borgargörðum og samgöngur með vistvænum hætti svo sem góðir hjólastígar.

14. Sólvallagata 23, (01.162.0) Mál nr. SN200679
kæra 106/2020, umsögn, úrskurður
Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. október 2020 ásamt kærðu dags. 28. október 2020 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur að samþykkja byggingu bílskúrs á suðausturhluta lóðarinnar að Sólvallagötu 23. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 7. desember 2020. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 18. febrúar 2021. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 29. september 2020 um að samþykkja umsókn um leyfi til að reisa staðsteyptan bílskúr á lóðinni nr. 23 við Sólvallagötu.

15. Hólmasel 2, (04.937.7) Mál nr. SN200764
kæra 129/2020, umsögn, úrskurður
Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. desember 2020 ásamt kærðu dags. 3. desember 2020 þar sem kærð er afgreiðsla og samskipti m.a. við byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar vegna ýmissa erinda er varða fasteign kæranda að Hólmaseli 2. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. janúar 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. febrúar 2021, Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

16. Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2021, Mál nr. US210016
úthlutun styrkja 2021

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á drögum að yfirliti yfir verkefni og hlutverk vinnuhóps um yfirferð umsókna til Húsverndarsjóðs Reykjavíkur 2021.

17. Kjalarnes, Nesvík, deiliskipulag Mál nr. SN190734
Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi.

18. Furugerði 23, breyting á deiliskipulagi (01.807.4) Mál nr. SN170927
EA11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 2. febrúar 2021 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 23 við Furugerði.

19. Blesugróf 30 og 32, breyting á (01.885.3) Mál nr. SN200595
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 30 og 32 við Blesugróf.

20. Mjölnisholt 6 og 8, breyting á (01.241.0) Mál nr. SN200699
deiliskipulagi
Kjartan Hafsteinn Rafnsson, Álalind 4, 201 Kópavogur
Arctic Tours ehf., Fornuströnd 8, 170 Seltjarnarnes

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. febrúar 2021 vegna staðfestingar borgarráðs s.d. á synjun á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóðanna nr. 6 og 8 við Mjölnisholt.

21. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Mál nr. SN200329
Sértæk búsetuúrræði, breyting á
aðalskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2020-2030 varðandi sértæk búsetuúrræði og landnotkun.

22. Borgartúnsreitir vestur 1.216, breyting á (01.216) Mál nr. SN210018
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur sem er afmarkaður af Borgartúni, Snorrabraut, Sæbraut og Katrínartúni.

23. Hlemmur, reitur 1.240.0, breyting á (01.2) Mál nr. SN210017
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni, reit 1.240.0.

24. Skúlagötusvæði, breyting á deiliskipulagi (01.15) Mál nr. SN210034
vega breyttra skipulagsmarka við
Snorrabraut

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis.

25. Reykjavíkurhöfn, Klettasvæði, breyting á (01.33) Mál nr. SN200408
deiliskipulagi vegna smáhýsa

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar, Klettasvæðis.

26. Sundaborg 1-15 og 8, breyting á (01.336.7) Mál nr. SN200791
deiliskipulagi
Sturla Þór Jónsson, Ótilgreint, 101 Reykjavík
Xprent-hönnun og merkingar ehf., Sundaborg 3, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. febrúar 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sundaborgar 1-15 og 8.

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US210031
um verkferla vegna ósvaraðra erinda

Flokkur fólksins leggur til að umhverfis- og skipulagssvið fari með markvissum hætti yfir verkferla sem lúta af því hvenær erindum er svarað og þá hvernig og hvað líður langur tími frá því erindi berst og þar til viðkomandi fær svar/viðbrögð. Á RÚV vikunni var rætt við konu sem átti erindi við skipulagsyfirvöld vegna leigu á gömlum skúr sem borgin átti. Konan lýsti því að hún náði aldrei sambandi við skipulagsyfirvöld þrátt fyrir að hafa marg reynt ýmist með skeytum eða símhringingum. Nú hefur fulltrúi Flokks fólksins áður nefnt þetta við skipulagsráð (USK) og sviðið að það sé því miður of algengt að fólk kvarti yfir að erindi þeirra séu hunsuð. Það er alveg ljóst að bæta þarf viðbrögð við erindum fólks, svörun í síma, svörun skeyta og stytting biðtíma eftir viðtali ef það er það sem óskað er eftir. Fulltrúi Flokks fólksins vill auk þess hvetja skipulags- og samgöngusvið allt að skoða aftur í tímann hvaða erindi hafa með öllu verið hunsuð, hafa samband við aðila, leysa málið ef þess er enn kostur og biðja fólk afsökunar.

Tillögunni er vísað frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan uppfyllir ekki formskilyrði til að vera tæk til afgreiðslu enda erfitt er að sjá til hvaða nákvæmu aðgerða ætti að grípa yrði hún samþykkt. Tillögunni er vísað frá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði til að umhverfis- og skipulagssvið fari með markvissum hætti yfir verkferla sem lúta af því hvenær erindum er svarað og þá hvernig og hvað líður langur tími frá því erindi berst og þar til viðkomandi fær svar/viðbrögð. Tillögunni er vísað frá, sögð ekki nógu skýr. Það sem þarf að gera er að bæta verkferla, svara erindum fólks. Ástæða fyrir að fulltrúi Flokks fólksins lagði þessa tillögu fram nú er að á rúv var fyrir stuttu rætt við konu sem sagði frá því að erindi hennar var ekki svarað eða sinnt með neinum hætti sama hvað hún reyndi að ná til sviðsins. Þetta getur varla verið boðleg. Telur fulltrúi Flokks fólksins það mikilvægt að sviðið leiti að erindi konunnar, hafi við hana samband og í það minnsta biðji hana afsökunar á því að hafa verið hunsuð með þessum hætti. Það er vel vitað að bæta þarf viðbrögð við erindum fólks, svörun í síma, svörun skeyta og stytting biðtíma eftir viðtali ef það er það sem óskað er eftir. Þrátt fyrir það er tillögunni vísað frá.

28. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US210043

Hver er meðal afgreiðslutími eignaskiptasamninga hjá embætti byggingarfulltrúa?

Frestað.

29. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US210044

Hvenær stendur til að malbika vegtengingu frá Stórhöfða að sjúkrahúsinu Vog?

Frestað.

30. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US210045

Íbúi í Úlfarsárdal hefur reynt að fá spurningum svarað af byggingarfulltrúa og skipulagssviði Reykjavíkurborgar en ekki tekist. Fulltrúi Flokks fólksins hefur tekið að sér að leggja eftirfarandi spurningar fram í skipulags- og samgönguráði til að freista þess að fá svör. Spurt er: 1. Hvenær stendur til að hefja eftirfylgni á þeim 35 - 40 sérbýlis lóðum sem ekki er hafin bygging á, að 15 árum liðnum frá því að byggingarframkvæmdir hófust í Úlfarsárdal? 2. Hvað fá lóðarhafar 45 sérbýlislóða við Leirtjörn langan frest til að hefja byggingaframkvæmdir? 3. Samkvæmt umferðarlögum eiga allar gangbrautir að vera merktar. Hvenær verður lokið við að merkja allar gangbrautir lögum samkvæmt í hverfinu, (sebra) með lýsingu og gangbrautarkerkjum? 4. Hvenær verður lokið við að lýsa upp alla gangstíga við gangbrautir að Dalskóla? 5. Hvenær verður lokið við að gera gangstíga að leikskóla og Dalskóla manngenga? 6. Hvenær verða ruslagámar fjarlægðir af göngustígum? 7. Hvenær verður lokið við að hreinsa rusl utan lóða sem eru í byggingu og fylla í moldarflag eftir háspennustrengslögn Landsnets sem veldur moldroki? 8. Hvenær munu lóðarhafar við Leirtjörn geta hafi byggingu húsa sinna en lóðir hafa verið tilbúnar í 2 ár? 9. Hvenær lýkur byggingu par- og raðhúsa við Leirtjörn? 8. Er komið á áætlun hvenær lokið verði við að gera varnarvegg og brekku ofan Dalskóla neðan Úlfarsbrautar?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 10:56**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Ragna Sigurðardóttir
Katrín Atladóttir

Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2021, þriðjudaginn 9. febrúar kl. 10:25 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1102. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags og umhverfisráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Músson, Edda Þórsdóttir og Olga Hrunn Sverrisdóttir.
Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Akrasel 6 (49.430.06) 113006 Mál nr. BN058650
Agata Weronika Cieszyńska, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Pétur Björnsson, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera glugga á austur- og vesturhlið og innrétta fjórar litlar íbúðir í kjallara tvíbýlishúss á lóð nr. 6 við Akrasel.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2021.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2021.
2. Akurgerði 15 (18.132.15) 107902 Mál nr. BN058190
Simon David Knight, Akurgerði 15, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að færa og stækka kvisti og setja svalalokanir á svalir í risi til suðurs, bæta við þakgluggum á norðurþekju, setja nýtt þak og skyggni yfir anddyri og kjallaratröppur, síkka glugga úr borðstofu og gera þar þrefalda hurð út á nýjan sólpall og tröppur af honum niður í garð auk smávægilegra breytinga á innra skipulagi í risi í sambýlishúsi á lóð nr. 15 við Akurgerði.
Erindi fylgir samþykki eigenda húss nr. 17 á afrit af uppdrætti dags. 5. nóvember 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2020.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2021. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Akurgerði 13, 19, 21 og 23 frá 2. desember 2020 til og með 31. desember 2020. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun 0.8 ferm., 2.2 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Arkarvogur 2 (14.514.01) 105601 Mál nr. BN058702
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054742 þannig að frágangi og gerð klæðninga útveggja er breytt í slétt og bárað ál, landslag og sérnotafletir á lóð eru

breyttir, það og þvottur sameinað í hluta íbúða, innréttingar og skápar breytast víða, skráningarnúmer og -tafla hafa verið uppfærð, svölum er hliðrað á austurhlið byggingar 1A og skábrautir í landslagi eru nú léttbyggðar við fjölbýlishús nr. 2-15 á lóð nr. 2 við Arkarvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags, 12. janúar 2021.

Minnkun: 124,7 ferm., 435 rúmm.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. Austurstræti 12A (11.404.08) 100851 Mál nr. BN058762

530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN057303, vegna athugasemda í lokaúttekt þannig að í kjallara er hurð frá tæknirými inn í sorprými fjarlægð og gerð eldvarnarhurð á vörulyftu, í húsi á lóð nr. 12 A við Austurstræti.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Álfheimar 2-6 (14.302.08) 105199 Mál nr. BN058781

701006-2320 Vinnustofan ehf., Álfheimum 4, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í verslun, rými 0204, breyta eignarhaldi á rými 0207, loka hurð fram í stigahús og opna inn í rými 0204, jafnframt því eru rýmisnúmer uppfærð í verslunar- og þjónustuhúsi nr. 4, mhl.01, á lóð nr. 2-6 við Álfheima.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi dags. 12. júní 2020 og A4 afrit af samþykktum uppdrætti dags. 19. desember 2013.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

6. Árskógar 5-7 (49.120.01) 224213 Mál nr. BN058746

561184-0709 Búseti húsnaðissamvinnufélag, Síðumúla 10, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055469 þannig að númer bílastæða, rýmisnúmer og skráningartafla eru uppfærð og innra skipulagi eldhúss í sameiginlegum sal í kjallara er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5-7 við Árskóga.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis

að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Bergstaðastræti 21 (11.841.08) 102018 Mál nr. BN058776
Hörður Vignir Arilíusson, Bergstaðastræti 21, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að endurgera hús og byggja einnar hæðar viðbyggingu með þaksvölum aftan við einbýlishús á lóð nr. 21 við Bergstaðastræti.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Eftir stækkun: 183,3 ferm., 546,4 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
8. Blesugróf 12 (18.855.06) 108895 Mál nr. BN058788
Pétur Ingason, Hesthamrar 13, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056547 þannig utanhúsklæðning verður áklæðning í tveimur mismunandi litum á parhúsi á lóð nr. 12 við Blesugróf.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN058758
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi í neðri kjallara mhl. 06, fjarlægja m.a. þrjú bílastæði og innrétta líkamsræktarstöð, tæknirými og sorpgeymslu í rýmum -0103, -0104 og -0112 í atvinnuhúsi við Katrínartún 4, á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
10. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN058689
530116-0340 Arctic Sun ehf., Gautavík 3, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í flokki I, teg. c í rými 0105 í mhl. 03 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 11. janúar 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
11. Borgartún 29 (12.181.03) 102775 Mál nr. BN058243
590404-2410 RA 5 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
690720-2560 BORG29 ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að opna á milli rýma 0102 og 0103, breyta innra skipulagi og innréttu mathöll með 8 aðskildum veitingastöðum í flokki II, tegund A, og hámarks gestafjölda 130 manns á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 29 við Borgartún.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi vegna breytinga á útliti dags. 18. janúar 2021, og yfirlýsing vegna aðgangsheimildar milli rýma dags. 13. janúar 2021, greinargerð Eflu um brunahönnun dags. 14. september 2020 og uppfærð brunahönnunarskýrsla dags. 7. janúar 2021.

Gjald kr. 11.200.

Frestað.

Lagfæra skráningu.

12. Brautarholt 26-28 (12.501.03) 103423 Mál nr. BN058760

561208-0690 Karl Mikli ehf., Vesturási 48, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053595 þannig að í stað gistiheimilis verða 24 íbúðir í húsi á lóð nr. 26-28 við Brautarholt.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. mars 2017

Erindi fylgir greinargerð um brunamál frá Örug, verkfræðistofa dags. 28. desember 2020.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Erindi er í skipulagsferli.

13. Dalhús 41 (28.440.01) 175748 Mál nr. BN058725

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að sameina tvær tónlistastofur og skipta annarri upp í tvær stofur, klæða vegg forsalar skólans með hljóðdempandi klæðningu í flokki 1 og breyta glugga yfir lyftuturni, þannig að hann verður reykklúga sem tengist brunaviðvörðunarkerfi í húsi Húsaskóla á lóð nr. 41 við Dalhús.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

14. Einimelur 10 (15.262.06) 106083 Mál nr. BN058531

Einar Baldvin Árnason, Einimelur 10, 107 Reykjavík

Sigurbjörg J Skarphéðinsdóttir, Einimelur 10, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til þess að byggja ofan á bílskúr og stækka íbúð einbýlishúss á lóð nr. 10 við Einimel.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 24. nóvember 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 18. maí 2020, svar skipulagsfulltrúa við fyrirspurn, SN200336, dags. 12. júní 2020, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. nóvember 2020, mæliblað 1.526.2 með síðustu breytingu dags. 8. ágúst 1962 ásamt ódagsettu hæðablaði og yfirlit breytinga ásamt skuggavarpi.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2021 fylgir erindi og bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2021. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Einimel 7, 8, 9, 12 og 14 frá 7. janúar 2021 til og með 4. febrúar 2021. Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 40.1 ferm., 207.5 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis

að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. Fiskislóð 23-25 (01.089.202) 209680 Mál nr. BN056705
680406-1030 FF 11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
430475-0299 VSP ehf, Klapparstíg 3, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja upp geymslukerfi ofan á núverandi óskráð geymslugólf, verður 0108, gerð flóttahurð á norðurhlið og flóttastiga breytt, komið verður fyrir reyklosun á útvegg að vestanverðu og textalýsingu breytt fyrir hús á lóð nr. 23-25 við Fiskislóð.
Bréf hönnuðar dags. 17. sept. 2019 og 26. janúar 2021 fylgir
Stækkun milligólfs 0108 er: 857,3 ferm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. Freyjugata 9 (11.842.09) 102031 Mál nr. BN058787
Ketill Gunnarsson, Freyjugata 9, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057706 þannig að bætt er við opnanlegu fagi í nýjum glugga á norðurhlið íbúðar á 4. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Freyjugötu.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. Grensásvegur 1 (14.600.01) 105655 Mál nr. BN058797
670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til þess að byggja 7 hæða fjölbýlishús, hús B, mhl.02, með tveimur stigahúsum með alls 76 íbúðum, einu stigahúsi með skrifstofum, atvinnurýmum á jarðhæð auk geymslu- og bílakjallara á tveimur hæðum á lóð nr. 1 við Grensásveg.
Stærðir með kjallara: 11.004.1 ferm. 38.712.4 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð arkitekta dags. 2. febrúar 2021 og minnisblað Mannvits um hljóðvist dags. 15. mars 2019.
Gjald: 12.100 kr.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. Grundargerði 15 (18.134.05) 107909 Mál nr. BN058488
Sigurður Grétar Ólafsson, Grundargerði 15, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi rýma í eigu íbúðar 0201, sameina ósamþykktu íbúð, 0001 og íbúð 0101, gera hringstiga á milli kjallara og 1. hæðar auk ýmissa breytinga á íbúðarhúsi á lóð nr. 15 við Grundargerði.
Erindi fylgir afrit af teikningum samþ. 26. júlí 2005 og skýrsla um húsaskoðun dags. 26. janúar 2021.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Erindi óyfirfarið af eldvarnareftirliti.
